

Íslenska í 10. bekk, kennari Sólrún Lilja Pálsdóttir.

Traust kunnáttu í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar. Móðurmálið gegnir veigamiklu hlutverki í allri menntun, lífi og starfi hvers einstaklings.

Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Tjáning í ræðu og riti er forsenda virkrar þátttöku í samfélaginu. Tungumál er lykill nemenda að þekkingu og helsta tæki þeirra til að láta í ljós kunnáttu, skilning, tilfinningar og skoðanir. Gott vald á móðurmálinu er ein helsta forsenda náms. Bókmenntir og ljóð skipta þar miklu máli.

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í íslensku sett fram í fjórum flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði. Á blaðsíðum 101-105 í 19. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um íslensku, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>

Námsmarkmið:

Helstu **markmið** eru að nemendur:

- Geti lesið úr mismunandi gögnum og aflað sér heimilda á bókasafni og á Netinu.
- Rækti með sér virðingu fyrir móðurmálinu og skilji gildi íslenskrar tungu og bókmennta, sögulega og menningarlega.
- Geti tjáð hugmyndir og tilfinningar í ræðu og riti og rökstutt skoðanir sínar.
- Kunni að hlusta á bókmenntir og ljóð.
- Geti hlustað á aðra og borið virðingu fyrir verkum þeirra.
- Geti flutt laust og bundið mál skýrt og fallega, með réttum áherslum og þjálfist í ræðumennsku.
- Þjálfist í notkun orðabóka, annarra handbóka og netsins.
- Tileinki sér persónulega og skýra rithönd. Þekki flestar stafsetningar- og greinarmerkjareglur og geti byggt upp texta, leiðrétt og gengið frá honum skrifuðum eða tölvuunnum, þjálfist í að taka glósur, skrifa útdrætti, sögur og ljóð.
- Þekki mun hefðbundinna og óhefðbundinna ljóða og kannist við þekktustu ljóðskáld Íslendinga og nokkur verka þeirra. Þekki helstu hugtök ljóðagerðar, svo sem

braglínu, stuðla, rím, endurtekningar, myndir, persónugervingar og líkingar.

- Þekki helstu hugtök í bókmenntafræði, svo sem aðalpersónur, aukapersónur, tíma, umhverfi og boðskap sögu. Lesi fornsögu og nútímasögur og vinni úr þeim verkefni.
- Kunni skil á helstu málfræðiatríðum, orðfloknum, beygingum, stofnum, orðhlutum og orðmyndun.
- Geti nýtt sér málfræðilegar leiðbeiningar í námsgögnum, þ.á.m. á netinu og í forritum.

Leiðir:

- Í bókmenntum eru lesnar skáldsaga og fornsaga, auk kjörbóka. Verkefni tengd lesefninu eru unnin að mestu í skólanum og svo heima.
- Í málfræði er unnið með grunnatriði og lögð áhersla á að nemendur séu færir um að beygja fallorð og sagnorð.
- Í málnotkun er lögð áhersla á að nemendur kynnist margbreytileika málsins og þjálfist í notkun orðtaka og málshátta og auki orðaforða og málskilning.
- Í stafsetningu er lögð áhersla á þjálfun grundvallaratriða og því fylgt eftir að nemendur fái þjálfun í gegnum skriftar- og ritvinnu.
- Í ritun er lögð áhersla á að nemendur geti byggt upp sjálfstæða frásögn, sagt frá persónulega og hlutlægt frá atburðum, styttra og lengra máli. Nemendur leiti upplýsinga á Netinu.
- Nemendur eru þjálfaðir í töluðu máli, er áhersla á að nemendur lesi kjörbækur, kynnist bókmenntaverkum og fremstu höfundum.
- Verkefni unnin á fjölbreyttan máta, s.s. í i-pad/tölvu, skrifuð eða munnlega.

Foreldrar eru hvattir til að örva börn sín til lesturs, bóka, tímarita og dagblaða. Nemendum er gert að lesaupphátt í 10-15 mínútur fyrir foreldra, sem kvittað er fyrir á þar til gerðu lestrarspjaldi og framvísað vikulega.

Námsefni: Skerpa 3, Málfinnur, Skriffinnur, ýmist námsefni af vef og annað ítarefni. Skáldsögur og Íslendingasögur, ss. Englar alheimsins, Gísla saga Súrssonar. Kvikmyndir eftir bókunum.

Mat: Unnið er í lotum. Nemendur skila öllum verkefnum í lok lotu og taka próf. Metin eru verkefni, virkni og vinnubrögð og lotupróf.

Námsmat er í samræmi við námsmatsstefnu Helluskóla. Símat er notað til að fylgjast með stöðu nemenda. Einkunnir birtar á Mentor og í lok hverrar annar.

Einstaklingsnámskrá: Þegar nemandi vikur frá hefðbundnu námi er útbúin sérstök námskrá handa nemandanum, byggð á námsgetu, mati og grunni greininga og mati sérfræðinga.